



Ríkissaksóknari

Ársskýrsla

2019

Efnisyfirlit

1. Um verkefni ríkissaksóknara	4
2. Tölulegar upplýsingar	7
2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra	7
2.2. Ákærðir	15
2.3. Gæsluvarðhald	16
2.4. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra	17
2.5. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga	18
2.6. Áfrýjunarmál	19
2.7. Sektarboð og sektargerðir	20

1. kafli

*Um verkefni
ríkissaksóknara*

1 Ársskýrsla ríkissaksóknara 2019

Eftirlits-, kærú- og samræmingarhlutverk ríkissaksóknara

Stærstu einstöku málaflokkar við embætti ríkissaksóknara eru meðferð mála/málflutningur á áfrýjunarstigi fyrir Landsrétti og Hæstarétti sem og afgreiðsla kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara um að hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn. Við embættið starfa tíu ákærendur; átta saksóknarar, vararíkissaksóknari og ríkissaksóknari.

Ríkissaksóknari hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá ákærendum á lægra stigi, þ.e. héraðssaksóknara og níu lögreglustjórum.

Eftirlitið felst m.a. í yfirllestri yfir alla uppkeðna héraðsdóma, viðurlagaákvarðanir og lögreglustjórasedktir, meðferð kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara og heimsóknnum til embætta lögreglustjóra og héraðssaksóknara þar sem m.a. er farið yfir málsmeðferð, málskraða og fyrirmæli ríkissaksóknara. Á árinu 2019 bárust embættinu 1864 héraðsdómar til yfirlstrar.

Ríkissaksóknari gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákærvalds til allra ákærenda. Á árinu 2019 gaf ríkissaksóknari út fjögur almenn fyrirmæli sem send voru öllum ákærendum og jafnframt birt á vef embættisins.

Ríkissaksóknari tekur afstöðu til kærú vegna ákvarðana héraðssaksóknara og lögreglustjóra um að vísa kærú frá, hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn, sbr. 52. gr., 145. gr., 146. gr. og 147. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Við meðferð kærumála gefst oft tilefni til að benda lögreglustjórum og héraðssaksóknara á atriði sem betur mega fara í málsmeðferð einstakra mála og/eða að beina tilmælum til þeirra um málsmeðferð almennt. Ríkissaksóknara ber að taka afstöðu til kærú innan þriggja mánaða frá því að kærán barst embættinu til meðferðar. Á árinu 2019 bárust 261 kærú til meðferðar og var tekin afstaða til þeirra allra innan þriggja mánaða. Nánar er fjallað um meðferð kærumála í kafla 2.4.

Málsmeðferð sakamála á áfrýjunarstigi

Málum verður einungis áfrýjað til Hæstaréttar Íslands að fengnu leyfi réttarins til áfrýjunar. Ríkissaksóknari veitti umsagnir um 33 beiðnir dómfelldu um að áfrýja máli til Hæstaréttar á árinu 2019. Beiðnum dómfelldu var öllum hafnað. Ríkissaksóknari óskaði eftir áfrýjunarleyfi í einu máli sem varðaði m.a. kynferðisbrot og brot í nánu sambandi (heimilisofbeldi). Beiðnin var samþykkt. Tveimur málum var vísað til Hæstaréttar til endurtekinnar meðferðar á grundvelli úrskurða endurupptökunefndar.

Ríkissaksóknari flytur þau sakamál sem koma til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um hvort héraðsdómum er áfrýjað af ákærvaldsins hálfu til Landsréttar og flytur öll mál sem áfrýjað er fyrir Landsrétti. Í sumum tilvikum þarf leyfi Landsréttar til að áfrýja sakamáli til Landsréttar, sbr. 1. mgr. 198. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ríkissaksóknari veitir umsögn um áfrýjunarbeiðnir dómfelldu, sem voru 15 á árinu 2019. Fjórar af þeim beiðnum voru samþykktar. Ríkissaksóknari óskaði eftir áfrýjunarleyfi í tveimur málum og voru báðar beiðnirnar samþykktar.

Á árinu 2019 voru gefnar út áfrýjunarstefnur í 146 málum sem áfrýjað var til Landsréttar. Nánar er fjallað um áfrýjuð mál í kafla 2.6.

Landsréttur dæmdi í 82 sakamálum á árinu 2019 og voru áfrýjunarstefnur í flestum þeirra mála gefnar út á árinu 2018. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 33 málum, niðurstöðu breytt að nokkru leyti í 37 málum, í 10 málum var niðurstöðu héraðsdóms snúið við og dómar voru ómerktr í tveimur málum og þeim vísað aftur til héraðsdóms til endurtekinnar meðferðar þar.

Aukið eftirlit ríkissaksóknara með símahlustunum og sérstökum rannsóknaraðferðum lögreglu

Með lögum nr. 103/2016 sem tóku gildi 1. janúar 2017, var ríkissaksóknara fengið stærra eftirlitshlutverk en áður þegar kemur að hlustunum lögreglu. Um eftirlit ríkissaksóknara er fjallað í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 103/2016, sbr. nú 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála, en þar segir:

„Ríkissaksóknari hefur eftirlit með því að gögnum sé eytt og að tilkynnt sé um lok aðgerðar skv. 1. og 2. mgr. Setur hann reglur um hvernig eftirlitinu skuli háttað og skal þar m.a. koma fram hvernig tryggð verði að unnt sé að upplýsa eftir á hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerð skv. 80.–82. gr. Ríkissaksóknari skal árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og beitingu aðgerða skv. 80.–82. gr.“

Í kjölfar lagabreytinganna gaf ríkissaksóknari út ný fyrirmæli um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum nr. 12/2017 sem send voru öllum lögreglustjórum og öðrum ákærendum 6. mars 2017 og birt á vef ríkissaksóknara. Skýrsla ríkissaksóknara um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum vegna ársins 2019 hefur verið birt á netsíðu embættisins.

Sérstakar rannsóknaraðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, sbr. reglur innanríkisráðherra nr. 516/2011

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 9. maí 2014, ber ríkislögreglustjóra, lögreglustjórum og héraðssaksóknara að senda ríkissaksóknara yfirlitsskýrslu tvisvar á ári um beitingu aðgerða og aðferða sem tilteknar eru í reglum nr. 516/2011. Skýrslur liggja fyrir frá öllum embættum fyrir árið 2019.

Menntun og þjálfun starfsmanna ákærvaldsins

Á árinu 2019 stóð ríkissaksóknari fyrir tveimur endurmenntunarnámskeiðum fyrir ákærendur. Á fyrra námskeiðinu var fjallað um peningaþvætti og endurheimt ólögmeats ávinnings og á því síðara var umfjöllunarefnið alþjóðleg samvinna ákærvalds og réttaraðstoð.

Starfsmenn embættis ríkissaksóknara fóru í námsferð til Parísar og Strassborgar í september 2019. Í París var embætti ríkissaksóknara Frakklands heimsótt sem og héraðsdómstóll Parísar og fræðst um meðferð sakamála í Frakklandi. Í Strassborg sóttu starfsmenn fræðslufund í Mannréttindadómstól Evrópu þar sem Róbert Spanó, þáverandi varaforseti réttarins, fjallaði um stöðu og hlutverk Mannréttindadómstólsins og hvernig dómstóllinn hefur þróast frá stofnun hans árið 1959. Einnig var fjallað um þann mikla málafjölda sem dómstóllinn hefur til meðferðar og hvernig til hefur tekist að auka skilvirkni og fækka málum. Þá voru töluverðar umræður um þau mál sem dómstóllinn hefur tekið til meðferðar og varða Ísland. Starfsmenn hlýddu einnig á málflutning í máli Selahattin Demirtaş gegn Tyrklandi sem var til meðferðar í yfirdeild dómstólsins. Málið varðar kærnu Selahattin Demirtaş vegna handtöku hans og gæsluvarðhaldsvistar í Tyrklandi, en Selahattin Demirtaş er þingmaður í Tyrklandi. Í málinu er tekist á um hvort handtaka hans þann 4. nóvember 2016, rúmu ári eftir að Demirtaş var kosinn á þing, og gæsluvarðhald fari í bága við ákvæði Mannréttindasáttmálans. Gæsluvarðhald hans stóð í næstum þrjú ár og fram kom í máli lögmanna hans að beiðnum hans um að vera sleppt úr haldi hefði verið hafnað 68 sinnum.

Endurupptaka dæmdra sakamála

Ríkissaksóknari veitir umsögn um beiðni dómfellða um endurupptöku dæmds sakamáls. Einnig getur ríkissaksóknari haft frumkvæði að endurupptöku sakamála til hagsbóta fyrir dómfellða. Á árinu 2019 veitti ríkissaksóknari umsagnir um átta beiðnir dómfellðra um endurupptöku. Endurupptökunefnd heimilaði endurupptöku í tveimur málum, hafnaði þremur beiðnum, eitt mál var fellt niður þar sem fallið var frá endurupptöku og tvær beiðnir voru enn til meðferðar í árslok 2019.

Alþjóðleg samskipti og samvinna á sviði ákærvalds:

Ríkissaksóknari sinnir réttarbeiðnum frá erlendum yfirvöldum og málum vegna kröfu um framsal/afhendingu erlendra ríkisborgara, þ.m.t. beiðnum á grundvelli Norrænu- og Evrópsku handtökuskipunarinnar.

Á árinu 2019 voru til meðferðar 93 framsals-, afhendingar- og réttarbeiðnir við embættið.

Ríkissaksóknari á fulltrúa í sendinefnd Íslands hjá GRECO sem er nefnd á vegum Evrópuráðsins. Sóttur var einn fundur í júní hjá GRECO, sem haldinn var að venju í Strassborg. Ríkissaksóknari á einnig sæti í CCPE sem er nefnd háttsettra saksóknara á vegum Evrópuráðsins og sótti vararíkissaksóknari í nóvember árlegan fund CCPE sem að þessu sinni var haldinn í fundaraðstöðu Evrópuráðsins í París.

Ríkissaksóknari tekur þátt í norrænu samstarfi um norrænar og evrópskar handtökuskipanir auk réttaraðstoðar, Nordic Judicial Network, og sækir árlega fund vegna þess, sem að þessu sinni fór fram í Kaupmannahöfn 9.-10. maí. Á þeim vettvangi eru rædd álitefni tengd útgáfu og móttöku handtökuskipana auk réttaraðstoðar.

Ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari sóttu árlegan fund ríkissaksóknara Norðurlandanna í Helsinki í lok ágúst. Þessir fundir eru afar gagnlegir en á þeim er farið yfir helstu lagabreytingar og þau álitæfni sem efst eru á baugi hverju sinni á Norðurlöndunum og varða refsirétt og meðferð sakamála.

Mál í forgangi: Nauðgunarmál, kynferðisofbeldi gegn börnum og ofbeldi í nánum samböndum

Í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 4/2017 er því beint til allra lögreglustjóra og héraðssaksóknara að hraða málum þar sem sakarefni tekur til líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Í sérstökum forgangi skulu þó vera nauðgunarmál og mál sem varða ofbeldi gagnvart börnum og ofbeldi í nánum samböndum, sem og mál þar sem gerendur eru yngri en 18 ára.

1. janúar og 30. júní ár hvert skulu héraðssaksóknari og lögreglustjórar senda ríkissaksóknara lista yfir stöðu mála og málsmeðferðartíma vegna rannsókna og ákærumeðferðar í nauðgunarmálum (194. gr. alm. hgl.), alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum (1. mgr. 200. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl.) og í málum sem varða ofbeldi í nánum samböndum (218. gr. b. alm. hgl.).

Héraðssaksóknari og lögreglustjórar skulu eigi sjaldnar en árlega setja sér markmið um meðferð sakamála, bæði um vönduð og markviss vinnubrögð við rannsóknir einstakra mála og ekki síður um málshraða.

2. kafli

*Tölulegar
upplýsingar*

2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra

Hér gefur að líta fjölda brota sem afgreidd voru af ákærvaldinu á árinu 2019, greind eftir brotaflokkum. Vakin er athygli á að um er að ræða afgreidd brot, ekki fjölda kæra. Brotin geta hafa verið kærð til lögreglu fyrir 2019 og þá geta brot sem kærð voru 2019 enn verið óafgreidd af ákærvaldinu. Fyrsta taflan geymir upplýsingar um heildarfjölda afgreiddra brota í málum á landinu öllu. Á eftir fylgja töflur með tölum um afgreidd brot í málum hjá hverju embætti. Undanskilin eru mál sem afgreidd voru með lögreglustjórásáttum og mál sem vísað var frá eða rannsókn hætt í. Næst koma töflur um samanburð á milli ára að því er varðar heildarfjölda afgreiddra brota og brot afgreidd hjá einstökum embættum. Áréttað er að tölurnar vitna um fjölda brota en í hverju máli geta verið fleiri en eitt brot.

Skýringar með töflum:

Niðurfelld mál:	Mál er felld niður þegar ákærandi telur að það sem komið hefur fram við rannsókn sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála.
Fallið frá saksókn:	Þótt ákærandi telji að það sem fram hefur komið við rannsókn sé nægilegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, hefur hann vissa heimild samkvæmt 146. gr. laga um meðferð sakamála til að láta við svo búið standa og falla frá saksókn.
Ákærufræstun:	Þegar aðili hefur játað brot sitt er ákæranda heimilt, samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga, að fresta um tiltekinn tíma útgáfu ákæru. Á þetta einkum við um brot sem ungmenni á aldrinum 15-21 árs hafa framið.

Öll mál										
Allt landið ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákæru		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufræstun		
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	
Brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum	2	0	0%	0	0%	1	50%	1	50%	
Brot gegn valdstjórninni	103	62	60%	10	10%	29	28%	2	2%	
Brot á almannafríði og allsherjarreglu	1	0	0%	0	0%	1	100%	0	0%	
Brot í opinberu starfi	37	7	19%	0	0%	30	81%	0	0%	
Rangur framburður og rangar sakargiftir	27	15	56%	0	0%	12	44%	0	0%	
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	208	197	95%	5	2%	6	3%	0	0%	
Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	33	27	82%	0	0%	6	18%	0	0%	
Sifskaparbrot	5	2	40%	0	0%	3	60%	0	0%	
Kynferðisbrot	328	156	48%	4	1%	157	48%	11	3%	
Manndráp og líkamsmeiðingar	609	372	61%	33	5%	195	32%	9	1%	
Brot gegn frjálrsræði manna	29	19	66%	0	0%	10	34%	0	0%	
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	214	131	61%	4	2%	77	36%	2	1%	
Auðgunarbrot	1108	824	74%	155	14%	124	11%	5	0%	
Ýmis brot er varða fjárréttindi	358	265	74%	12	3%	79	22%	2	1%	
SÉRREFSILÖG										
Skattalög	60	52	87%	0	0%	8	13%	0	0%	
Tollalög	36	34	94%	0	0%	2	6%	0	0%	
Lög um ávana- og fíkniefni	1060	993	94%	15	1%	50	5%	2	0%	
Vopnalög	179	158	88%	4	2%	16	9%	1	1%	
Veiðilög	8	5	63%	0	0%	3	38%	0	0%	
Lög um fiskveiðar	9	6	67%	0	0%	3	33%	0	0%	
Lög um siglingar og útgerð	21	19	90%	0	0%	2	10%	0	0%	
Áfengislög	24	18	75%	2	8%	4	17%	0	0%	
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	2437	2346	96%	45	2%	42	2%	4	0%	
Ölvunarakstur	550	512	93%	5	1%	32	6%	1	0%	
Fíkniefnaakstur	1575	1416	90%	104	7%	55	3%	0	0%	
Lyfjaakstur	240	238	99%	0	0%	2	1%	0	0%	
Önnur sérrefsilög	365	290	79%	5	1%	66	18%	4	1%	
ALLS	9626	8164	84,8%	403	4,2%	1015	10,5%	44	0,5%	

Lögglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur	Fallið frá saksókn	Niðurfelld mál	Ákærufræstun				
	fjöldi	fjöldi			%	fjöldi	%		
Brot á almannafríði og allsherjarreglu	1	0	0%	0	0%	1	100%	0	0%
Rangur framburður og rangar sakargiftir	7	7	100%		0%		0%		0%
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	49	48	98%	1	2%	0	0%	0	0%
Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Sifskaparbrot	1	0	0%	0	0%	1	100%	0	0%
Kynferðisbrot	17	15	88%	0	0%	2	12%	0	0%
Manndráp og líkamsmeiðingar	266	152	57%	17	6%	91	34%	6	2%
Brot gegn frjálssræði manna	4	0	0%	0	0%	4	100%	0	0%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	99	60	61%	2	2%	36	36%	1	1%
Auðgunarbrot	852	654	77%	121	14%	75	9%	2	0%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	167	121	72%	7	4%	39	23%	0	0%
SÉRREFSILÖG									
Tollalög	13	11	85%	0	0%	2	15%	0	0%
Lög um ávana- og fíkniefni	693	657	95%	15	2%	20	3%	1	0%
Vopnalög	107	91	85%	3	3%	13	12%	0	0%
Veiðilög	1	0	0%	0	0%	1	100%	0	0%
Lög um fiskveiðar	2	0	0%	0	0%	2	100%	0	0%
Áfengislög	6	3	50%	1	17%	2	33%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	1581	1517	96%	44	3%	18	1%	2	0%
Ölvunarakstur	332	320	96%	5	2%	7	2%	0	0%
Fíkniefnaakstur	1152	1075	93%	60	5%	17	1%	0	0%
Lyfjaakstur	218	218	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Önnur sérrefsilög	123	105	85%	5	4%	12	10%	1	1%
ALLS	5692	5055	88,8	281	4,9	343	6,0	13	0,2

Lögglustjórinn á Vesturlandi

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur	Fallið frá saksókn	Niðurfelld mál	Ákærufræstun				
	fjöldi	fjöldi			%	fjöldi	%		
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	5	5	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Kynferðisbrot	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Manndráp og líkamsmeiðingar	9	7	78%	0	0%	2	22%	0	0%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	5	5	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Auðgunarbrot	13	13	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	7	7	100%	0	0%	0	0%	0	0%
SÉRREFSILÖG									
Tollalög	2	2	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um ávana- og fíkniefni	35	34	97%	0	0%	1	3%	0	0%
Vopnalög	7	6	86%	1	14%	0	0%	0	0%
Lög um fiskveiðar	3	3	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um siglingar og útgerð	6	6	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Áfengislög	3	3	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	125	121	97%	0	0%	4	3%	0	0%
Ölvunarakstur	35	31	89%	0	0%	4	11%	0	0%
Fíkniefnaakstur	56	43	77%	2	4%	11	20%	0	0%
Lyfjaakstur	3	2	67%	0	0%	1	33%	0	0%
Önnur sérrefsilög	12	11	92%	0	0%	1	8%	0	0%
ALLS	327	300	91,7	3	0,9	24	7,3	0	0,0

Lögglustjórinn á Vestfjörðum

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur	Fallið frá saksókn	Niðurfelld mál	Ákærufrestun				
	fjöldi	fjöldi			%	fjöldi	%		
Manndráp og líkamsmeiðingar	7	3	43%	1	14%	2	29%	1	14%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	7	4	57%	0	0%	2	29%	1	14%
Auðgunarbrot	5	0	0%	2	40%	3	60%	0	0%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	3	1	33%	0	0%	2	67%	0	0%
SÉRREFSILÖG									
Lög um ávana- og fíkniefni	4	4	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um siglingar og útgerð	3	3	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	12	12	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Ölvunarakstur	3	2	67%	0	0%	1	33%	0	0%
Fíkniefnaakstur	6	3	50%	0	0%	3	50%	0	0%
Önnur sérrefsilög	7	6	86%	0	0%	0	0%	1	14%
ALLS	57	38	66,7	3	5,3	13	22,8	3	5,3

Lögglustjórinn á Norðurlandi vestra

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur	Fallið frá saksókn	Niðurfelld mál	Ákærufrestun				
	fjöldi	fjöldi			%	fjöldi	%		
Manndráp og líkamsmeiðingar	13	8	62%	1	8%	4	31%	0	0%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	8	5	63%	0	0%	3	38%	0	0%
Auðgunarbrot	3	1	33%	0	0%	2	67%	0	0%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	5	1	20%	1	20%	3	60%	0	0%
SÉRREFSILÖG									
Tollalög	3	3	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um ávana- og fíkniefni	16	16	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Vopnalög	5	5	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Veiðilög	2	0	0%	0	0%	2	100%	0	0%
Lög um fiskveiðar	2	2	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um siglingar og útgerð	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Áfengislög	2	2	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	85	85	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Ölvunarakstur	8	8	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Fíkniefnaakstur	15	15	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lyfjaakstur	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Önnur sérrefsilög	13	11	85%	0	0%	2	15%	0	0%
ALLS	182	164	90,1	2	1,1	16	8,8	0	0,0

Lögglustjórinn á Norðurlandi eystra

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur	Fallið frá saksókn	Niðurfelld mál	Ákærufrestun				
	fjöldi	fjöldi			%	fjöldi	%		
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	5	4	80%	0	0%	1	20%	0	0%
Kynferðisbrot	2	0	0%	0	0%	2	100%	0	0%
Manndráp og líkamsmeiðingar	41	21	51%	1	2%	18	44%	1	2%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	12	6	50%	0	0%	6	50%	0	0%
Auðgunarbrot	74	59	80%	2	3%	10	14%	3	4%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	21	16	76%	0	0%	4	19%	1	5%
SÉRREFSILÖG									
Tollalög	4	4	100%	0	0%	0	0%	0	0%

Lög um ávana- og fíkniefni	77	73	95%	0	0%	4	5%	0	0%
Vopnalög	20	19	95%	0	0%	1	5%	0	0%
Veiðilög	3	3	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um fiskveiðar	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um siglingar og útgerð	8	8	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Áfengislög	5	4	80%	0	0%	1	20%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	111	103	93%	0	0%	8	7%	0	0%
Ölvunarakstur	33	27	82%	0	0%	6	18%	0	0%
Fíkniefnaakstur	94	65	69%	14	15%	15	16%	0	0%
Lyfjaakstur	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Önnur sérrefsilög	24	19	79%	0	0%	5	21%	0	0%
ALLS	536	433	80,8	17	3,2	81	15,1	5	0,9

Lögglustjórinn á Austurlandi

	Alls fjöldi	Ákærur fjöldi	%	Fallið frá saksókn fjöldi	%	Niðurfelld mál fjöldi	%	Ákærufrestun fjöldi	%
ALMENN HEGNINGARLÖG									
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	2	2	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Manndráp og líkamsmeiðingar	13	8	62%	1	8%	4	31%	0	0%
Brot gegn frjálssræði manna	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	4	3	75%	0	0%	1	25%	0	0%
Auðgunarbrot	3	3	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	12	6	50%	0	0%	6	50%	0	0%

SÉRREFSILÖG

Lög um ávana- og fíkniefni	8	8	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Vopnalög	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um fiskveiðar	1	0	0%	0	0%	1	100%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	13	13	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Ölvunarakstur	5	5	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Fíkniefnaakstur	5	4	80%	1	20%	0	0%	0	0%
Önnur sérrefsilög	4	4	100%	0	0%	0	0%	0	0%
ALLS	72	58	80,6	2	2,8	12	16,7	0	0,0

Lögglustjórinn í Vestmannaeyjum

	Alls fjöldi	Ákærur fjöldi	%	Fallið frá saksókn fjöldi	%	Niðurfelld mál fjöldi	%	Ákærufrestun fjöldi	%
ALMENN HEGNINGARLÖG									
Kynferðisbrot	1	0	0%	0	0%	1	100%	0	0%
Manndráp og líkamsmeiðingar	31	23	74%	2	6%	6	19%	0	0%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	8	7	88%	0	0%	1	13%	0	0%
Auðgunarbrot	2	2	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	10	4	40%	3	30%	2	20%	1	10%

SÉRREFSILÖG

Lög um ávana- og fíkniefni	45	45	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Vopnalög	4	3	75%	0	0%	0	0%	1	25%
Áfengislög	1	0	0%	0	0%	1	100%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	40	38	95%	0	0%	0	0%	2	5%
Ölvunarakstur	15	13	87%	0	0%	1	7%	1	7%
Fíkniefnaakstur	19	17	89%	1	5%	1	5%	0	0%
Lyfjaakstur	2	2	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Önnur sérrefsilög	3	2	67%	0	0%	1	33%	0	0%
ALLS	181	156	86,2	6	3,3	14	7,7	5	2,8

Lögglustjórinn á Suðurlandi

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls fjöldi	Ákærur fjöldi	Ákærur %	Fallið frá saksókn fjöldi	Fallið frá saksókn %	Niðurfelld mál fjöldi	Niðurfelld mál %	Ákærefrestun fjöldi	Ákærefrestun %
	Rangur framburður og rangar sakargiftir	4	3	75%	0	0%	1	25%	0
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	5	5	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Manndráp og líkamsmeiðingar	58	32	55%	3	5%	22	38%	1	2%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	9	4	44%	0	0%	5	56%	0	0%
Auðgunarbrot	26	18	69%	2	8%	6	23%	0	0%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	26	20	77%	1	4%	5	19%	0	0%
SÉRREFSILÖG									
Tollalög	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um ávana- og fíkniefni	45	41	91%	0	0%	4	9%	0	0%
Vopnalög	4	4	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Veiðilög	2	2	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	151	148	98%	1	1%	2	1%	0	0%
Ölvunarakstur	40	32	80%	0	0%	8	20%	0	0%
Fíkniefnaakstur	47	39	83%	6	13%	2	4%	0	0%
Lyfjaakstur	7	7	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Önnur sérrefsilög	14	9	64%	0	0%	5	36%	0	0%
ALLS	439	365	83,1	13	3,0	60	13,7	1	0,2

Lögglustjórinn á Suðurnesjum

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls fjöldi	Ákærur fjöldi	Ákærur %	Fallið frá saksókn fjöldi	Fallið frá saksókn %	Niðurfelld mál fjöldi	Niðurfelld mál %	Ákærefrestun fjöldi	Ákærefrestun %
	Rangur framburður og rangar sakargiftir	5	4	80%	0	0%	1	20%	0
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	139	133	96%	4	3%	2	1%	0	0%
Manndráp og líkamsmeiðingar	42	23	55%	6	14%	13	31%	0	0%
Brot gegn frjálssræði manna	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	20	15	75%	1	5%	4	20%	0	0%
Auðgunarbrot	95	53	56%	28	29%	14	15%	0	0%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	19	17	89%	0	0%	2	11%	0	0%
SÉRREFSILÖG									
Tollalög	13	13	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Lög um ávana- og fíkniefni	107	89	83%	0	0%	17	16%	1	1%
Vopnalög	20	19	95%	0	0%	1	5%	0	0%
Lög um siglingar og útgerð	2	0	0%	0	0%	2	100%	0	0%
Áfengislög	2	1	50%	1	50%	0	0%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	246	244	99%	0	0%	2	1%	0	0%
Ölvunarakstur	70	67	96%	0	0%	3	4%	0	0%
Fíkniefnaakstur	173	149	86%	20	12%	4	2%	0	0%
Lyfjaakstur	8	7	88%	0	0%	1	13%	0	0%
Önnur sérrefsilög	54	50	93%	0	0%	4	7%	0	0%
ALLS	1016	885	87,1	60	5,9	70	6,9	1	0,1

Héraðssaksóknari

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls fjöldi	Ákærur fjöldi	Ákærur %	Fallið frá saksókn fjöldi	Fallið frá saksókn %	Niðurfelld mál fjöldi	Niðurfelld mál %	Ákærefrestun fjöldi	Ákærefrestun %
	Brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum	2	0	0%	0	0%	1	50%	1
Brot gegn valdstjórninni	103	62	60%	10	10%	29	28%	2	2%
Brot í opinberu starfi	37	7	19%	0	0%	30	81%	0	0%

Rangur framburður og rangar sakargiftir	11	1	9%	0	0%	10	91%	0	0%
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	3	0	0%	0	0%	3	100%	0	0%
Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	32	26	81%	0	0%	6	19%	0	0%
Sifskaparbrot	4	2	50%	0	0%	2	50%	0	0%
Kynferðisbrot	307	140	46%	4	1%	152	50%	11	4%
Manndráp og líkamsmeiðingar	129	95	74%	1	1%	33	26%	0	0%
Brot gegn frjálsrcæði manna	23	17	74%	0	0%	6	26%	0	0%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	42	22	52%	1	2%	19	45%	0	0%
Auðgunarbrot	35	21	60%	0	0%	14	40%	0	0%
Ýmis brot er varða fjárréttindi	88	72	82%	0	0%	16	18%	0	0%

SÉRREFSILÖG

Skattalög	60	52	87%	0	0%	8	13%	0	0%
Lög um ávana- og fíkniefni	30	26	87%	0	0%	4	13%	0	0%
Vopnalög	11	10	91%	0	0%	1	9%	0	0%
Lög um siglingar og útgerð	1	1	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Áfengislög	5	5	100%	0	0%	0	0%	0	0%
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	73	65	89%	0	0%	8	11%	0	0%
Ölvunarakstur	9	7	78%	0	0%	2	22%	0	0%
Fíkniefnaakstur	8	6	75%	0	0%	2	25%	0	0%
Önnur sérrefsilög	111	73	66%	0	0%	36	32%	2	2%
ALLS	1124	710	63,2	16	1,4	382	34,0	16	1,4

Öll mál									
Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	%	Ákærufrestun	%		%
2015	5111	3883	76	326	6	835	16	67	1
2016	6777	5620	83	274	4	830	12	53	1
2017	6265	4959	79	379	6	881	14	46	1
2018	6872	5568	81	313	5	946	14	45	1
2019	9626	8164	85	403	4	1015	11	44	0

Ríkissaksóknari									
Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	%	Ákærufrestun	%		%
2015	784	449	57	13	2	312	40	7	1
2016	147	80	54	3	2	57	39	7	5
2017	30	19	63	0	0	11	37	0	0
2018	18	17	94	0	0	1	6	0	0
2019	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu									
Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	%	Ákærufrestun	%		%
2015	2354	1879	80	252	11	194	8	29	1
2016	3984	3512	88	199	5	247	6	26	1
2017	3242	2717	84	293	9	205	6	27	1
2018	3614	3050	84	194	5	360	10	10	0
2019	5692	5055	89	281	5	343	6	13	0

Lögreglustjórinn á Vesturlandi									
Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	%	Ákærufrestun	%		%
2015	148	143	97	2	1	2	1	1	1
2016	101	87	86	0	0	14	14	0	0
2017	117	104	89	3	3	10	9	0	0
2018	141	135	96	0	0	6	4	0	0
2019	327	300	92	3	1	24	7	0	0

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum									
Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	%	Ákærufrestun	%		%
2015	144	110	76	2	1	25	17	7	5
2016	60	49	82	0	0	8	13	3	5
2017	69	59	86	0	0	9	13	1	1
2018	129	100	78	11	9	17	13	1	1
2019	57	38	67	3	5	13	23	3	5

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra									
Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	%	Ákærufrestun	%		%
2015	48	35	73	1	2	12	25	0	0
2016	68	60	88	0	0	4	6	4	6
2017	81	76	94	1	1	4	5	0	0
2018	184	181	98	1	1	2	1	0	0
2019	182	164	90	2	1	16	9	0	0

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	% Ákærfrestun	%			
2015	293	218	74	22	8	43	15	10	3
2016	576	480	83	8	1	83	14	5	1
2017	547	439	80	4	1	104	19	0	0
2018	360	281	78	10	3	67	19	2	1
2019	536	433	81	17	3	81	15	5	1

Lögreglustjórinn á Austurlandi

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	% Ákærfrestun	%			
2015	61	43	70	5	8	10	16	3	5
2016	62	42	68	12	19	8	13	0	0
2017	79	62	78	4	5	13	16	0	0
2018	84	73	87	6	7	5	6	0	0
2019	72	58	81	2	3	12	17	0	0

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	% Ákærfrestun	%			
2015	670	558	83	16	2	89	13	7	1
2016	622	505	81	12	2	104	17	1	0
2017	399	358	90	0	0	41	10	0	0
2018	368	305	83	1	0	62	17	0	0
2019	439	365	83	13	3	60	14	1	0

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	% Ákærfrestun	%			
2015	132	117	89	0	0	13	10	2	2
2016	108	90	83	1	1	16	15	1	1
2017	112	94	84	1	1	17	15	0	0
2018	127	98	77	12	9	17	13	0	0
2019	181	156	86	6	3	14	8	5	3

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	% Ákærfrestun	%			
2015	294	212	72	13	4	68	23	1	0
2016	406	334	82	22	5	50	12	0	0
2017	666	495	74	40	6	124	19	7	1
2018	668	535	80	40	6	86	13	7	1
2019	1016	885	87	60	6	70	7	1	0

Héraðssaksóknari/Sérstakur saksóknari

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	% Fallið frá saksókn	% Niðurfelld mál	% Ákærfrestun	%			
2015	186	119	64	0	0	67	36	0	0
2016	643	381	59	17	3	239	37	6	1
2017	925	536	58	33	4	345	37	11	1
2018	1179	793	67	38	3	323	27	25	2
2019	1124	710	63	16	1	382	34	16	1

2.2. Ákærðir

Alls sættu 2784 einstaklingar og 12 fyrirtæki ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðra eftir kyni, aldri og ríkisfangi.

Ríkisfang							
Afganistan	6	Færeyjar	2	Kólumbía	3	Slóvenía	1
Albanía	56	Gana	1	Króatía	4	Sómalía	13
Alsír	5	Georgía	14	Kúba	1	Spánn	13
Aserbaídsjan	1	Gínea	2	Lettland	32	Srí Lanka	3
Austur-Kongó	2	Grikkland	1	Litháen	101	Súdan	1
Ástralía	1	Grænhöfðaeyjar	2	Líbía	1	Sviss	1
Bandaríkin	18	Haítí	1	Marokkó	5	Svíþjóð	3
Benín	1	Holland	5	Mjanmar	1	Sýrland	3
Brasilía	1	Hvíta-Rússland	3	Moldóva	7	Tailand	4
Bretland	22	Indland	2	Nígíría	12	Tékkland	4
Búlgaría	3	Írak	8	Pakistan	9	Túnis	1
Búrkína Fasó	1	Íran	13	Palestína	7	Tyrkland	1
Danmörk	11	Írland	1	Portúgal	7	Ungverjaland	5
Egyptaland	2	Ísland	2076	Pólland	201	Úkraína	8
Eistland	1	Ítalía	9	Ríkisfangslaus	2	Venesúela	1
Eritrea	1	Japan	1	Rúmenía	28	Víetnam	3
Eþíópía	1	Kamerún	1	Rússland	2	Þýskaland	5
Filippseyjar	2	Kanada	2	Senegal	1		
Finnland	2	Kína	5	Serbía	3		
Frakkland	10	Kosovo	2	Slóvakía	1		
Samtals							2796

Hér að ofan er að finna yfirlit yfir ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu. Einstaklingar eru ekki tvítaldir þótt þeir komi við sögu í fleiri en einu málsnúmeri.

Aldur						
Ár	Fjöldi	Hlutfall	Karlar	Hlutfall	Konur	Hlutfall
13-19 ára	260	9,3	220	9,5	40	8,6
20-24 ára	480	17,2	398	17,2	82	17,7
25-29 ára	487	17,5	404	17,4	83	17,9
30-34 ára	421	15,1	361	15,6	60	12,9
35-39 ára	362	13,0	299	12,9	63	13,6
40-44 ára	230	8,3	187	8,1	43	9,3
45-49 ára	186	6,7	151	6,5	35	7,5
50-54 ára	141	5,1	118	5,1	23	5,0
55-59 ára	94	3,4	76	3,3	18	3,9
60-69 ára	95	3,4	83	3,6	12	2,6
70 ára og eldri	28	1,0	23	1,0	5	1,1
Alls	2784	100,0	2320	100,0	464	100,0

Kyn		
	Fjöldi	Hlutfall
Karl	2320	83,0
Kona	464	16,6
Fyrirtæki	12	0,4
Alls	2796	100,0

2.3. Gæsluvarðhald

Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2019 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.	
Fjöldi úrskurða	177
Fjöldi einstaklinga	164
Dagar í gæslu	11649

Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008:				
	Dagur	Meðaldagafjöldi	Lágm.	Hám.
Án skilyrða skv. 1. mgr. 99. gr.	8949	65,80	1	358
abcdef	422	10,29	3	33
b-liðar 1. mgr. 99. gr.	24	4,80	2	14
bcde-liðir 1. mgr. 99. gr.	264	9,10	1	27
bcdef-liðir 1. mgr. 99. gr.	32	8,00	6	14
cde-liðir 1. mgr. 99. gr.	2	2,00	2	2
d-liðar 1. mgr. 99. gr.	22	22,00	22	22
Samtals	11592			

Án Án takmarkana, b Einrúm, c Heimsóknarbann, d Bréfaskoðun, e Fjölmíðlabann, f Vinnubann

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

2.4. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 88 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri eða héraðssaksóknari hafði ákveðið, að rannsókn lokinni, að höfða ekki mál með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

Kæurur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml.		
Kæurur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
88	11	44
	Kæra afturkölluð	Kæru vísað frá
	0	3

Í þremur málum var ákvörðun felld úr gildi og ákvörðun tekin um að rannsókn skyldi hætt. Í tveimur málum var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta. Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi og ákveðið að fallið skyldi frá saksókn. Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi að hluta og rannsókn hætt.

Brotaflokkur	Fjöldi
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	8
Kynferðisbrot	38
Líkamsárásir	25
Sífskaparbrot	1
Önnur sérrefsilög	2
Heimilisofbeldi	1
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífsins	4
Opinber starfsmaður. Kæra á lögreglu	2
Brot gegn valdstjórninni	3
Brot í opinberu starfi	2
Rangur framburður og rangar sakargiftir	2

22 málum er ólokið um áramót.

Eitt mál sætti kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri eða héraðssaksóknari hafði ákveðið að falla frá saksókn með vísan til 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

Kæurur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml.	
Kæurur	Ákvörðun felld úr gildi
1	1
Brotaflokkur	Fjöldi
Líkamsárás	1

Í einu máli sem sætti kæru þar sem fallið var frá saksókn og málið fellt niður var ákvörðunin felld úr gildi að því er varðar fallið frá saksókn og sá hluti einnig felldur niður.

Ríkissaksóknara bærust 171 kærsmål vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa frá kæru án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 6. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

Kæurur á grundvelli 6. mgr. 52. gr. sml.		
Kæurur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
171	27	95
	Kæra afturkölluð	Kæru vísað frá
	2	9

Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta.

Brotaflokkur	Fjöldi
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	36
Opinber starfsm. - Kæra á lögreglu	4
Kynferðisbrot	37
Líkamsrásir	38
Líkamsmeiðing af gáleysi (219. gr. alm. hgl.)	1
Heimilisofbeldi	2
Rangar sakargiftir og rangur framburður	11
Brot gegn frjálsræði manna	1
Skjalafals	1
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	13
Brot í opinberu starfi	7
Lög um fiskveiðar	2
Brot gegn valdstjórninni	5
Sérrefsilög	13

34 mál eru óafgreidd um áramót.

Í einu máli þar sem kæru var vísað frá var ákvörðun felld úr gildi og ákveðið að hætta rannsókn. Í einu máli þar sem rannsókn var hætt var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta. Í einu máli þar sem rannsókn hafði verið hætt var ákvörðun felld úr gildi og ákveðið að vísa málinu frá. Einu máli þar sem rannsókn var hætt var ákvörðun felld úr gildi og ákveðið að falla frá saksókn.

Ákvörðun lögreglustjóra um skilorðsbundna ákærufrestun var kærð í einu máli.

2.5. Kæur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Kæur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga											
Ár	Kæur alls	Niðurfelling	Fallið frá saks.	Ranns. hætt	Kæru vísað frá	Ákæra	Dómur. Sakf.	Dómur. Sýkn	Áfrýjað	Landsr..	Í vinnslu um áramót
2015	31	4	0	11	16	0	0	0	0	0	0
2016	38	9	2	19	5	3	3	0	3	2	0
2017	23	3	0	11	6	3	2	1	0	0	0
2018	42	12	0	18	9	1	1	0	0	0	1
2019	19	2	0	6	4	3	0	1	0	0	4

2019: Tvö mál ódæmd í héraði 2019/2020

2.6. Áfrýjunarmál

Útgefnar áfrýjunarstefnur á árinu 2019 voru 146 talsins í 147 málum.

Dómfelldu höfðu frumkvæði að áfrýjun í 120 málum en fallið var frá áfrýjun í sex af þeim málum.

Ákærvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun til Landsréttar í 27 málum en fallið var frá áfrýjun í tveimur málanna.

Þrjú málanna sem ákærvaldið áfrýjaði vörðuðu kynferðisbrot, en héraðsdómur hafði sýknað í þeim öllum. Staðfesti Landsréttur sýknudóm í einu. Voru tvö mál ódæmd um áramótin 2019-2020.

Einu máli er varðaði manndráp og brennubrot var áfrýjað af ákærvaldinu og var refsing þyngd verulega í Landsrétti.

Tveimur málum er vörðuðu manndráp af gáleysi var áfrýjað af ákærvaldinu. Sýknað var í héraði í öðru málinu. Málin voru bæði ódæmd í Landsrétti um áramótin 2019-2020.

Einu máli er varðaði líkamsárás þar sem annar af tveimur sakborningum var sýknaður var áfrýjað og var það ódæmt um áramótin 2019-2020.

Þremur öðrum málum er vörðuðu líkamsárásir var áfrýjað af ákærvaldinu, þar af var einn sýknudómur. Voru þau öll ódæmd um áramót 2019-2020.

Einu máli er varðaði dóm fyrir skjalafals var áfrýjað af ákærvaldinu. Var refsing þyngd.

Einu máli er varðaði sýknudóm fyrir sífskaparbrot var áfrýjað af ákærvaldinu. Var það ódæmt um áramótin 2019-2020.

Einu máli er varðaði sýknudóm fyrir umboðssvik þriggja aðila var áfrýjað af ákærvaldinu. Var það ódæmt um áramótin 2019-2020.

Einu máli er varðaði bókhaldsbrot var áfrýjað af ákærvaldinu. Var það ódæmt um áramótin 2019-2020.

Einu máli er varðaði fjársvik var áfrýjað af ákærvaldinu. Var það ódæmt um áramótin 2019-2020.

Fjórum málum er varðaði skattalagabrot var áfrýjað af ákærvaldinu, þar af var eitt mál þar sem tveir voru ákærðir og annar þeirra var sýknaður. Ákærvaldið áfrýjaði á þann aðila en hinn áfrýjaði sjálfur. Voru þessi mál öll ódæmd um áramótin 2019-2020.

Einum sýknudómi er varðaði lyfjaakstur var áfrýjað af ákærvaldinu. Var það ódæmt um áramótin 2019-2020.

Einum sýknudómi er varðaði ölvunarakstur var áfrýjað af ákærvaldinu. Var það ódæmt um áramótin 2019-2020.

Þremur málum er varðaði fikniefnaakstur var áfrýjað af ákærvaldinu. Refsing var þyngd í einu málinu. Tvö mál voru ódæmd í Landsrétti um áramótin 2019-2020.

Landsréttur dæmdi í 82 sakamálum á árinu 2019 og voru áfrýjunarstefnur í flestum þeirra mála gefnar út á árinu 2018. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 33 málum, niðurstöðu breytt að nokkru leyti í 37 málum, í 10 málum var niðurstöðu héraðsdóms snúið við og dómar voru ómerktir í tveimur málum og þeim vísað aftur til héraðsdóms til endurtekinnar meðferðar þar.

Um áramót 2019 - 2020 voru 106 sakamál ódæmd í Landsrétti.

Áfrýjuð hegningarlaga brot 2019		Áfrýjuð sérrefsilaga brot 2019	
Kynferðisbrot	34	Skattalagabrot	9
Sifskaparbrot	1	Tollalög	1
Skjalafals	5	Vopnalög	1
Auðgunarbrot	12	Ávana- og fíkniefnalög	1
Ýmis brot er varða ýmis fjárréttindi	4	Umferðarlagabrot	4
Líkamsrásir	25	Ölvunar-fíknief-lyfjaakstur	19
Líkamsmeiðing af gáleysi	5	Önnur sérrefsilög	3
Fíkniefnabrot - stórfellt	3		
Manndráp	1		
Manndráp - tilraun	3		
Manndráp af gáleysi	2		
Brot gegn frjálsræði	1		
Brot í opinberu starfi	1		
Brot gegn valdstjórninni/opnb. starfsm	11	Samtals	146

2.7. Sektarboð og sektargerðir

Árið 2013 varð breyting á reglugerð um lögreglustjórasektir og tekin í notkun vettvangsskýrsla vegna umferðarlagabrota. Þá getur sá kærði undirritað skýrslu á vettvangi og er honum síðan sendur greiðsluseðill. Áður var sent út sektarboð í slíkum málum. Sektarboð er hins vegar enn sent út ef ekki næst í þann brotlega, t.d. vegna hraðamyndavéla.

Í árslok 2019 höfðu lögreglustjórar sent út sektarboð vegna 54.410 brota. Í sektarboðum er einvörðungu um að ræða umferðarlagabrot. Þar af höfðu 53.536 sektarbrot verið greidd á árinu en það er 98% af útsendum sektarbrotum í sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur.

Heildarfjöldi brota í sektargerðum lögreglustjóra voru 4.284 í árslok. Um var að ræða 3.894 sektargerðir og hafa 2.002 sektargerðir verið greiddar á árinu eða 51%. Flest brotin voruð umferðarlagabrot eða 3.344, þar af 883 vegna ölvunaraksturs, 686 vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna og 94 vegna aksturs undir áhrifum örvandi eða slævandi lyfja. Alls var 465 minniháttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 54 hegningarlaga brotum og var þar um að ræða 15 þjófnaðarbrot. Einnig var 421 broti gegn öðrum sérrefsilögum en umferðarlögum lokið með sektargerð.

Það athugist að eitt sektarboð eða ein sektargerð getur falið í sér fleiri en eitt brot.



Ríkissaksóknari • Suðurlandsbraut 4 • 108 Reykjavík • sími 444 2900 • www.rikissaksoknari.is